

arins sjerstaklega um það atriði, að máli þessu verði vísað frá dómi að því er tekur til hins áfrýjaða skiptarjettarúrskurðar 11. nóv. 1892, og að þeim síðan verði hvernig sem fer, veittur 14 daga frestur til andsvara um aðalefni málsins eins og það þá verður á sig komið. Áfrýjendurnir hafa mótmælt þessari kröfu um frávisun málsins, að því úrskurðinn 11. nóv. 1892 snertir, og lagt spurninguna einnig undir úrskurð.

Eins og máli þessu vísu við, verður að sinni ekki kveðið á um, hvort margnefndur úrskurður geti komið að eða ekki, en það verður að bíða dóms í málinu í heild sinni. Hinum stefndu veitist því 14 daga frestur til andsvara í málinu í heild sinni.

Því úrskurðast:

Hinum stefndu veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu í heild sinni.

Mánudaginn 15. októbermánaðar.

Nr. 28/1894:

H. Th. A. Thomsen

gegn

sýslumanni Franz Siemsen, fyrir hönd protabús Ásmundar Sveinssonar, og bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r :

Við skiptalok í protabúi Ásmundar Sveinssonar í Reykjavík, er fram fóru fyrir skiptarjetti Reykjavíkur 30. apríl þ. á., var hinum stefnda bæjarfógeta í Reykjavík úthlutað úr búinu sem forgangsskuld samkvæmt 83.

gr. a, skiptalaganna og með fullri upphæð, skuld, er hann hafði lýst í búíð, að upphæð 1662 kr. 80 a., og sem var svo til komin, að Asmundur Sveinsson hafði sem löggiltur umboðsmaður hans innheimt ýms lands-sjóðsgjöld, tolla, manntalsbókargjöld og skipagjöld, er námu þessari upphæð, án þess að standa honum skil á þeim. Áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, sem lýst hafði í búíð verzlunarskuld að upphæð 361 kr. 87 a., sem ekkert gat fengizt upp í, sökum þess að búíð hrökk ekki til þess, hefir nú vefengt það, að rjett hafi verið að telja fyrgreinda skuld bæjarfógetans í Reykjavík forgangsskuld samkvæmt fyrnefndri grein skiptalaganna, þar sem Ásmundur hefði innheimt tjeð fje að eins sem umboðsmaður bæjarfógetans og á hans ábyrgð, en eigi í umboði af hálfu hins opinbera. Hefir nefndur kaupmaður áfrýjað skiptagjörðinni í þessu skyni til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. júlí þ. á. og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að skiptin verði ómerk gjör og úr gildi felld, að ályktun skiptaráðandans við skiptalokin um, að telja umrædda skuldakröfu sem forgangsskuld, verði hrundið, og honum gjört að skyldu, að taka búíð til löglegra skipta á ný, þannig að áfrýjandi fái löglega tiltölulegan hluta af kröfu sinni, 361 kr. 87 a., og loks, að hinn stefndi bæjarfógeti verði dæmdur til að greiða allan áfrýjanarkostnað með nægilegri upphæð. Hinir stefndu, hinn setti skiptaráðandi í búinu, sýslumaður Franz Siemsen, og bæjarfógeti Halldór Daniélsson, hafa báðir látið mæta fyrir sig í yfirdóminum, og hafa þeir krafizt þess, hvor í sínu lagi, að skiptagjörðin verði með öllu staðfest og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfrýjandanum.

Í búí því, sem hjer ræðir um, var innköllun til

skuldheimtumanna útgefin 31. okt. 1892 og birt bæði hjer og erlendis. Síðan er innköllunarfræsturinn var liðinn, lagði skiptaráðandi fram á skiptafundi 26. jan. þ. á. skrá yfir skuldir búsin til ályktunar og úrskurðar, og hafði fundurinn verið boðaður í þessu skyni. Á skiptafundinum komu fram mótmæli nokkur gegn því að framangreind skuld væri talin forgangsskuld, en hlutaðeigandi andmælandi fjell aptur frá þeim mótmælum sínum að því er þann hluta kröfu bæjarfógetans í búid snertir, er hjer er umtalsefnið, og var því krafan, bæði upphæð hennar og sæti í skuldaröðinni, eins og hvortveggja þetta er ákveðið í úthlutunargjörðinni, álitin samþykkt af öllum hlutaðeigendum, eins og einnig skuldaskráin í heild sinni. Áfýjandinn hefir reyndar viljað halda því fram, að engin skuldaskrá hafi verið framlögð á tjeðum skiptafundi, slík sem 37. gr. skiptalaganna á við, heldur að eins yfirlit yfir fjárhag búsin, slíkt sem ræðir um síðast í skiptalagagrein þessari, og byggir hann þessa skoðun sína á því, að fyrirsögn skrárinnar er »yfirlit yfir tekjur og skuldir« búsin, og að skuldunum er ekki skipt niður í skránni í aðskilda flokka eptir gildi þeirra, heldur að eins taldar allar í einni áframhaldandi röð. Álitur hann því, að eigi hafi getað verið ályktað frekara um skuldirnar á skiptafundi þessum en um upphæð þeirra, en eigi hitt, hvert sæti þær ættu að eiga í skuldaröðinni. En þess ber að gæta, að eins og skiptafundurinn, svo sem fyr er frá skýrt, var boðaður sjerstaklega til þess að rannsaka og útkljá um skulda-kröfur í búid, eins ber einnig skiptarjettarhaldið það með sjer, að mætendum þar hefir verið ljóst, að þetta var fundarefnið, og að þeir bæði yfir höfuð og sjerstaklega að því hjer um rædda skuldakröfu áhrærir, hafa

litið svo á, að hið framlagða »yfirlit«, þar sem skuldir með forgangsrjetti voru taldar fyrstar, innihjeldi uppástungur um niðurröðun á skuldunum, enda urðu eins og fyr er getið, sjerstaklega umræður um sæti það í röðinni, er skuld bæjarfógetans hefði fengið. Þar sem nú framangreind skuld samkvæmt þessu var samþykkt á nefndum skiptafundi sem forgangsskuld og þar sem eigi komu heldur síðar, innan þeirra 4 vikna, er 37. gr. skiptalaganna til tekur, mótmæli gegn því, að hún væri talin svo, þá verður ákvörðun þessi að skoðast sem fullnaðarákvörðun, sem eigi verður haggð, og er engin þörf á að rannsaka, hvort skuldin hafi í sjálfu sjer átt að lögum sæti það í skuldaröðinni, er hún fjekk. Samkvæmt þessu verður krafa áfrýjandans um ógildingu hinnar áfrýjuðu skiptagjörðar eigi tekin til greina, og ber að staðfesta skiptin í heild sinni. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandi greiði hinum stefnda bæjarfógeta 15 krónur, en að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð skal óröskuð standa. Áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, greiði hinum stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum; að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.